

í sölubúð hans að ákærða tók sirtsið — ekki hafa verið yfirheyrðir í málinu, sjerstaklega með tilliti til þess, hvort ákærða hafi gjört nokkrum þeirra aðvart um töku sína á sirtsinu, eða beðið um, að það yrði skrifað, nje heldur, að Maris Einarsson hafi verið látinn skýra frá fyrir rjetti, hvort hann hafi leyft ákærðu að taka nokkuð og sjerstaklega sirtsið í reikning sinn við verzlun þá, sem Hjaltalín veitir forstöðu, og ákærða heldur ekki hefur verið spurð um, hvort hún hafi látið nokkurn af búðarmönnum vita af, þá er hún tók sirtsið, eða seinna beðið nokkurn þeirra að skrifa það í reikning húsbónda síns, þá ber nauðsyn til þess, að undirdómarinn útvegi upplýsingar þær, sem samkvæmt áður sögðu vanta. Enn fremur virðist nauðsynlegt, að rjettarvottarnir við prófið yfir hinni ákærðu 2. október 1876 í Stykkishólmi sjeu látnir gefa skýrslu fyrir rjetti um það, hvort framburður hinnar ákærðu um, að prófdómarinn hafi með hótunum komið henni til að meðganga, sje sannleikanum samkvæmur. Þar að auki ber honum að útvega þær frekari skýringar, er framhald rannsókna­rinnar kann að gefa tilefni til.

Því ályktast:

Undirdómaranum ber að útvega hinar áskildu upplýsingar svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 15. desembermán.

Nr. 23/1879:

H. J. Siemsen

gegn

G. Emil Unbehagen.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 14. ágúst þ. á., er verzlunar-

stjóri G. Emil Unbehagen dæmdur til að greiða fyrir hönd Carls Franz Siemenss verzlunar til H. J. Siemenss verzlunarmanns 1600 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi þangað til borgun fer fram, og 40 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefur H. J. Siemsen áfrýjað til yfirdómsins til staðfestingar með stefnu, dagsettri 18. septbr. þ. á., og í annan stað hefur G. Emil Unbehagen gagnáfrýjað dóminum með stefnu, dagsettri 20. oktbr. næst á eptir. Hefur gagnáfrýjandinn fyrst og fremst krafizt, að hjeradsdómurinn verði dæmdur ómerkur, og að málinu annaðhvort verði vísað frá hjeradsdóminum eða heimvísað og málið sett aptur í ástand það, sem það var í, áður en úrskurður var feldur í því 24. júlí þ. á., eða þá eptir það, en áður en dómurinn 14. ágúst var upp kveðinn; en hver svo sem niðurstaðan verður, hefur hann krafizt, að aðaláfrýjandinn verði skyldaður til að greiða gagnsækjanda allan af máli þessu leiðandi kostnað í hjeradi og fyrir yfirdómi. Til vara hefur gagnáfrýjandinn áskilið sjer að halda áfram gagnsókn sinni og vörn að því er snertir aðalefni málsins.

Þegar mál þetta fjell í rjett í hjeradi 10. dag júlímánaðar þ. á. það gagnáfrýjandinn um hálfsmánaðar frest til að svara í málinu, og var honum veittur sá frestur, en þegar málið aptur fjell í rjett 24. júlímán. næst á eptir, sýndi gagnáfrýjandinn fyrir rjettinum gagnkæru til sáttanefndar og gagnstefnu í málinu, er átti að falla í rjett viku seinna eða 31. júlí, og það jafnframt um viku frest í viðbót til þess að koma gagnsóknarmáli sínu að. Með því að aðaláfrýjandinn mótmælti því, að frekari frestur væri veittur, var spurningin um lenging frestsins tekin undir úrskurð, og fjell úrskurður hjeradsdómarans um þetta atriði sama dag á þá leið, að hinn umbeðni frestur yrði eigi veitt-



ur; eptir að gagnáfrýjandinn því næst hafði beðið um hina sömu lenging á frestinum af ýmsum öðrum ástæðum, var málið tekið upp til úrskurðar eða dóms þennan sama dag, og var dómurinn kveðinn upp í því 14. ágústmán. næst á eptir með þeim úrslitum, er áður segir, án þess að gagnáfrýjandanum gæfist færi á að koma vörn fyrir sig á annan hátt en með því að láta bóka mótmæli sín.

Ástæður þær, sem hjeradsdómarinn sjer í lagi hefur byggt á neitun sína um lenging frestsins, eru þær, að gagnsóknarmálið ekki hafi komið aðal málinu við, að gagnáfrýjandinn ekki hafi haft umboð til að höfða gagnsóknarmálið, og að það ekki hafi verið lagt löglega til sátta; en eins og ekki varð heimað af gagnáfrýjandanum, að hann þá þegar, er hann bað um frestinn til að höfða gagnsóknarmálið, færði fullkomnar sannanir fyrir, að skilyrðin fyrir, að gagnsóknarmálið gæti komizt að, væru fyrir hendi, eða að það yrði löglega undirbúið, þannig verður ekki sjeð, að neitt það hafi þá verið fram komið, er gæfi hjeradsdómaranum nægiløgt tilefni til að álykta, að gagnsóknarmálið af formlegum ástæðum ekki gæti komizt að, og eptir þeim upplýsingum, sem gagnáfrýjandinn hefur lagt fram fyrir yfirdóminum og aðaláfrýjandinn ekki hefur mótmælt að teknar yrðu til greina, virðist það augljóst, að gagnáfrýjandinn hafi átt fulla heimting á að fá færi á að koma gagnsóknarmáli sínu fram. Samkvæmt þessu verður yfirdómurinn að álita, að ekki hafi verið næg ástæða til að neita áfrýjandanum um þann vikufrest, sem hann bað um til að koma fram með gagnsókn sína, sjerstaklega ekki af þeirri ástæðu, að hann áður hafði verið búinn að fá hálfsmánaðar frest til andsvara, og, ef til vill, hefði getað notað hann til að höfða gagnsóknarmálið, og ber því samkvæmt kröfu

gagnáfrýjandans að fella úrskurð þann, sem kveðinn var upp í málinu 24. júlí þ. á., úr gildi og dæma hjeradsdóminn ómerkan, og að skylda undirdómarann til að taka málið fyrir að nýju, og setja það í það ástand, sem það var, áður en nefndur úrskurður var kveðinn upp, og síðan veita gagnáfrýjandanum hinn umbeðna frest.

Málskostnaður fyrir yfirdóminum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði hjeradsrjettardómur á ómerkur að vera og úrskurður sá, sem gekk í málinu 24. júlí þ. á., að falla úr gildi, og ber hjeradsdómaranum að taka málið fyrir að nýju og setja það í það ástand, sem það var, áður en úrskurðurinn 24. júlí þ. á. var kveðinn upp í því, og síðan veita gagnáfrýjandanum, G. Emil Unbehagen, hinn umbeðna frest. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Nr. 24/1879:

H. J. Siemsen

gegn

G. Emil Unbehagen.

Úrskurður:

Í máli þessu er stefndi og gagnáfrýjandi, verzlunarstjóri G. Emil Unbehagen, með bæjarþingsdómi Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 17. dag júlímán. þ. á., dæmdur fyrir hönd verzlunarhússins Carl Franz Siemsens til að greiða áfrýjandanum 617 kr. 74 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað skaðlaust.

Þessum dómi hefur H. J. Siemsen skotið til yfir-